



Alþingi  
Erindi nr. P 139/868  
komudagur 9.12.2010

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. efnahags- og skattanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík 09.12.2010

1012018SA GB  
Málalykill: 401

### Efni: Umsögn um frv. um breytingar á ýmsum skattalögum, 313. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 7. desember sl., þar sem óskað er umsagnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp, eigi síðar en 10. desember nk. Umsögn sambandsins mun eðli máls samkvæmt, og með hliðsjón af því að skammur tími er veittur til umsagnar, einskorðast við þau atriði frumvarpsins sem snúa að fjárhagslegum þáttum tilfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga, sbr. samkomulag sem undirritað var 23. nóvember sl. Jafnframt telur sambandið þó rétt að óska eftir tilteknum breytingum á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, í samræmi við skýrslu tekjustofnanefndar frá október 2010.

#### 1. Athugasemdir við frumvarpið

Þau ákvæði frumvarpsins sem varða breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málefnum fatlaðra eru annars vegar 7. gr., sem kveður á um lækkun álagningarhlutfalls tekjuskatts um 1,20 hundradshluta, og IV. kafli, þar sem í 26. gr. er kveðið á um samsvarandi hækkun hámarks og lágmarks álagningarhlutfalls útsvars. Í kaflanum er jafnframt kveðið á um önnur atriði sem varða tilfærslu þessara fjármuna til sveitarfélaga og ráðstöfun þeirra til þjónustu við fatlaða innan viðkomandi þjónustusvæða. Þar ber einkum að nefna að stofnuð verður sérstök deild innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Til þeirrar sérdeildar skulu renna tekjur jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðra, sem nema 0,95% af álagningarstofni útsvars ár hvert, sbr. 21. gr. frumvarpsins, en einnig framlög af fjárlögum vegna þjónustu við fatlaða og söluandvirði og aðrar tilfallandi tekjur fasteignasjóðs sem stofnaður skal skv. 3. mgr. 25. gr. frv.

Samkvæmt 4. mgr. 25. gr. mun innanríkisráðherra setja í reglugerð nánari reglur um starfsemi fasteignasjóðsins. Orðalag þessa ákvæðis er ekki í nægilega góðu samræmi við 7. gr. samkomulags um tilfærsluna, þar sem skýrt er kveðið á um að samráð skuli haft við Samband Íslenskra sveitarfélaga um reglugerðina, og leggur sambandið til eftirfarandi orðalagsbreytingu:

*Ráðherra setur í samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga reglugerð um starfsemi fasteignasjóðsins, að fenginni umsögn velferðarráðherra og ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þar skal meðal annars kveðið á um nýtingu tekna fasteignasjóðsins til jöfnunar vegna húsnæðisúrræða fyrir fatlaða, hvernig leigufjárhæðir skulu ákveðnar, rekstrarform, stjórnun, leigu og sölu fasteigna og heimildir sveitarfélaga til þess að fela öðrum aðilum rekstur fasteignanna.*



Umræddur fasteignasjóður er nýmæli sem mun a.m.k. fyrst um sinn gegna lykilhlutverki varðandi húsnæðismál fatlaðra. Er því mikilvægt að fulltrúar sveitarfélaga eigi beina aðkomu að gerð reglugerðarinnar í stað þess að vera einungis umsagnaraðilar. Þá telur sambandið að lagaákvæðið eigi að kveða skýrar á um hvað átt er við með orðunum „nýtingu tekna fasteignasjóðsins til jöfnunar vegna þjónustu við fatlaða“. Lagt er því til að fram komi í 4. mgr. að hugsanlegum tekjuafgangi og sölutekjum sjóðsins verði fyrst og fremst varið til jöfnunar vegna húsnæðisúrræða fyrir fatlaða. Í því getur eftir atvikum falist uppbygging nýrra úrræða, þar sem þeirra er mest þörf, en einnig mögulegar aðgerðir til þess að jafna mismunandi kostnað svo sem vegna mishárra leigugreiðslna.

Að öðru leyti telur sambandið ákvæði frumvarpsins vera í samræmi við ákvæði samkomulagsins og eru engar breytingar lagðar til á öðrum ákvæðum sem varða tilfærsluna.

## 2. Tillögur tekjustofnanefndar um breytingar á ákvæðum um útsvar

Sambandið telur ástæðu til að vekja athygli efnahags- og skattanefndar á því að í skýrslu nefndar um endurskoðun tekjustofna sveitarfélaga frá október 2010 eru lagðar til tvær breytingar á ákvæðum laga tekjustofnalaga, nr. 4/1995, varðandi útsvar:

- a. Að almenn heimild sveitarfélaga til allt að 10% aukaálagningar eða lækkunar á útsvari samkvæmt 5. mgr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga verði felld brott. Áfram verði þó hægt að leggja á álag vegna sérstakra fjárhagserfiðleika, sbr. 6. mgr. sömu greinar.
- b. Að við skil á útsvari vegna íbúa sem flytja milli sveitarfélaga innan álagningarársins sé litið til þess hvernig búsetan skiptist á milli viðkomandi sveitarfélaga en ekki einungis horft til íbúaskrár eins og hún er 1. desember ár hvert.

Báðar eru þessar tillögur fremur einfaldar í útfærslu. Hvað varðar afnám heimildarinnar í 5. mgr. 24. nægir að fella þá málsgrein brott úr lögnum ásamt tilvísun til hennar í 7. mgr. sömu greinar. Vegna breytingar sem tekjustofnanefnd leggur til um útsvarsskiptingu milli sveitarfélaga þarf að fella brott dagsetninguna „31. desember“ í 2. mgr. 20. gr. laganna og bæta þess í stað við málslið í sömu málsgrein sem gæti hljóðað svo:

*Hafi einstaklingur átt lögheimili í fleiri en einu sveitarfélagi á tekjuárinu skal leggja á hann útsvar sem skiptist hlutfallslega eftir búsetutíma og skal útsvarshlutfall fyrir hvert búsetutímabil fara eftir því sem viðkomandi sveitarstjórn ákveður skv. 1. mgr. 24. gr. og ef við á 6. mgr. 24. gr.*

Í þessari breytingartillögu við frv. er haft í huga að útsvarshlutfall getur verið breytilegt eftir sveitarfélögum og að ef sveitarfélag kemst í fjárþröng getur verið nauðsynlegt að leggja allt að 25% álag á útsvarið. Miðast tillagan við að gjaldandi greiði útsvar fyrir hvert búsetutímabil samkvæmt þeim reglum sem gilda í viðkomandi sveitarfélagi. Ekki verður séð að nauðsynlegt sé að gera breytingar á öðrum lögum, svo sem lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda þótt þessi breyting verði ákveðin.



Þar sem ætlunin er að afgreiða það frumvarp sem hér er til umsagnar á mjög stuttum tíma gefst ef til vill ekki ráðrúm til þess að taka ákvörðun um breytingar á tekjustofnalögum í tengslum við meðferð málsins. Ljóst er hins vegar að margar sveitarstjórnir kalla eftir því að þessum breytingum, og þá sérstaklega síðarnefndu tillögunni, verði hrundið í framkvæmd sem fyrst. Er þess því eindregið óskað að efnahags- og skattanefnd skoði málið og að frumvarp um málið verði lagt fram og afgreitt á vörþingi.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Afrit:  
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið